

## Stefna STEFs gegn mútum og spillingu

### Inngangur

Það er stefna STEFs að haga öllum viðskiptum sínum á heiðarlegan og siðferðislegan hátt. Stjórn og starfsfólki STEFs er alfarið óheimilt að múta eða taka við mútum. Á það einnig við í gegnum aðra aðila.

### Skilgreining á mútum

Mútur eru skilgreindar þannig:

*Að bjóða, gefa eða lofa óeðlilegum verðmætum, beint eða óbeint, í þeim tilgangi að hafa áhrif á eða verðlauna einhvern til að bæta eða viðhalda viðskiptalegri stöðu. Mútur geta jafnt falið í sér fjárhagslegan og annars konar ávinning.*

Stjórn og starfsfólk skal spyrja sig áður en það samþykkir að taka við einhverjum verðmætum persónulega – eða áður en það býður, gefur eða lofar einhverju – hvort um eðlilegan gjörning er að ræða og hvort slíkt gæti talist stuðla að því hafa áhrif á óhlutdrægni viðkomandi. Asetningur að baki gjöf eða greiða getur ráðið úrslitum um hvort um mútur er að ræða eða ekki.

Aldrei má lofa eða bjóða upp á gjafir eða skemmtanir í þeim tilgangi að ná einhverju fram fyrir STEF. Ekki má heldur þiggja gjafir eða skemmtanir sem ætlaðar eru til að breyta hegðun starfsmanns í starfi sínu eða hafa áhrif á viðskiptalegar ákvarðanir STEFs.

Gjafir eða skemmtanir verða að vera hóflegar, sanngjarnar og fátíðar. Engar gjafir eða skemmtanir skulu gefnar eða þegnar í leyni. Við mat á því hvort gjöf teljist hófleg, skal bæði horft til einstaks viðburðar svo og í heild yfir lengra tímabil. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga, að það, að þiggja eða afhenda gjöfina, valdi hvorki STEFi né viðkomandi einstaklingi hneisu, jafnt út á við sem og gagnvart öðru starfsfólki eða stjórnarfólki, ef gjöfin yrði gerð opinber.

Gengið er út frá því því að boð sem varða fagverðlaun, viðburði og hljómleika/hátíðir séu ásættanleg innan skynsamlegra marka.

Ef stjórnarmaður eða starfsfólk þarf að taka ákvörðun um að gefa eða þiggja gjöf/skemmtun, sem hugsanlega er íburðarmeiri en eðlilegt getur talist og/eða gjöfin er einstök eða óvenjuleg og viðkomandi í vafa um hvort gjöfin/skemmtunin falli að öðru leyti innan eða utan reglna þessara, þá skal hlutaðeigandi tilkynna það til framkvæmdastjóra, sem tekur þá endanlega ákvörðun um málið

og heldur skrá um slíkar gjafir/skemmtanir. Allar gjafir/skemmtanir sem telja má verðmeiri en kr. 15.000 skal tilkynna til framkvæmdastjóra.

Sérstaka aðgæslu skal viðhafa þegar samskipti fyrir hönd STEFs eru við nána fjölskyldu eða vini, eða þegar um er að ræða persónuleg tengsl við viðskiptafélaga eða meðlimi STEFs, en slíkar aðstæður skapa aukna hættu á hagsmunaárekstrum.

## Hagsmunagæsla

STEFi er heimilt að verja hagsmuni sína og starfsgreinar sinnar, enda er það hluti af skilgreindu hlutverki samtakanna. STEF gerir slíkt m.a. með því að taka virkan þátt í samstarfi við aðra er starfa í sama geira, bæði innanlands og utan. STEFi er heimilt að taka þátt í opinberri umræðu til hagsbóta fyrir meðlimi sína og starfsgreinina. STEF vinnur til dæmis upplýsingar og útvegar upplýsingar málstað sínum til framdráttar. Allar mútur eru hins vegar óheimilar á þessu sviði sem og annars staðar.

## Framkvæmd

1. Starfsfólk skal halda árvekni sinni og tilkynna minnstu grunsemdir um mútur til framkvæmdastjóra eða stjórnarformanns. Starfsfólki sem boðnar eru mútur ber ennfremur að tilkynna um slíkt án tafar. STEF mun styðja við hvern þann sem lýsir yfir áhyggjum eða grunsemdum í tengslum við þessar reglur, jafnvel þótt viðkomandi kunni að hafa haft rangt fyrir sér.
2. Sérhvert tilvik um hugsanlegar mútur skal kannað.
3. Bregðast skal við af festu og snerpu gegn hverjum þeim er tengist mútum. Brot á reglum þessum getur varðar brottrekstri úr starfi.
4. Allar fjárhagshreyfingar skulu bókaðar og koma fram í fjárhagsbókhalda STEFs.

## Innleiðing

Allt starfsfólk og stjórn STEFs skal kynna sér þetta skjal og skuldbinda sig til að hlíta reglum þessum. Skjal þetta skal birt opinberlega á heimasíðu STEFs.

## Viðauki

### Hugsanlegar áhættusviðsmyndir („rauð flögg“)

Eftirfarandi er listi yfir hugsanlega „rauð flögg“ sem gætu birst í starfi fyrir STEF og valdið áhyggjum. Listinn er aðeins til skýringar og er ekki tæmandi. Ef starfsfólk verður „rauðra flagga“ vart í starfi sínu, þá ber því skylda að tilkynna það tafarlaust.

- (a) Þú verður vitni að því að þriðji aðili tekur þátt í eða hefur verið sakaður um að taka þátt í óviðeigandi viðskiptaháttum;
- (b) Þú kemst að því að þriðji aðili hefur orð á sér fyrir að borga mútur, eða krefjast þess að sér séu borgaðar mútur, eða hefur orð á sér fyrir að „eiga í sérstökum samskiptum“ við erlenda aðila;

- (c) Þriðji aðili krefst þess að fá umboðslaun eða þóknunargreiðslu áður en undirritun samnings við STEF á sér stað, eða viðkomandi innir af hendi störf eða framkvæmd tengd stjórnvöldum fyrir STEF;
- (d) Þriðji aðili krefst borgunar í reiðufé og/eða neitar að undirrita formlegan umboðslauna- eða þóknunarsamning, eða að koma með reikning eða kvittun fyrir greiðslu sem innt er af hendi.
- (e) Þriðji aðili krefst þess að greiðsla sé innt af hendi til lands eða annarrar landfræðilegrar staðsetningar en þeirrar, sem þriðji aðili býr eða rekur viðskipti;
- (f) Þriðji aðili krefst óvæntrar aukabóknunar eða umboðslauna til að „auðvelda“ þjónustu;
- (g) Þriðji aðili krefst íburðarmikillar skemmtunar eða gjafa áður en byrjað er á, eða haldið er áfram samningsviðræðum eða veitingu þjónustu;
- (h) Þriðji aðili krefst þess að greiðsla sé innt af hendi í því skyni að „líta framhjá“ hugsanlegum lagabrotum;
- (i) Þriðji aðili krefst þess að þú útvegir vini eða ættingja vinnu eða einhvern annan aðstöðumun;
- (j) Þú færð kvittun frá þriðja aðila sem ekki lítur út fyrir að vera stöðluð eða sérhönnuð;
- (k) Þriðji aðili fer fram á að nota sérsamning eða neitar að hafa umsamda skilmála skriflega;
- (l) Þú tekur eftir því að STEF hefur fengið kvittun fyrir umboðslaun eða þóknunargreiðslu sem virðist há í samanburði við þá þjónustu sem sagt er að hafi verið veitt;
- (m) Þriðji aðili krefst þess eða fer fram á að nota umboðsmann, milligöngumann, ráðgjafa, dreifingaraðila, eða birgi, sem STEF notar ekki almennt eða er kunnugt um;
- (n) Þér er boðin óvenjulega rausnarleg gjöf eða boðinn íburðarmikill greiði af þriðja aðila.

*Samþykkt af stjórn STEFs 26. ágúst 2024.*